

# RICHARD WAGNER FÉLAGIÐ Á ÍSLANDI

- RICHARD WAGNER VERBAND ISLAND -

VESTURGATA 36B - 101 REYKJAVÍK - SÍMI/FAX: 5517292

\*\*\*\*\*  
**Fréttabréf í maí 1998**  
\*\*\*\*\*

## Dagskrá næsta vetrar.

Stjórnin hefur lagt drög að dagskrá næsta vetrar. Fyrirhugað er að halda haustfagnaðfélagsins á Hótel Holti 26. september nk. Í tengslum við hátíðina verði fyrirlestur Árna Björnssonar um stöðu rannsókna hans á "*Áhrifum íslenskra fornbókmennta á líf og starf Richards Wagners*", en Árni mun verja nokkrum mánuðum af árinu í þessar rannsóknir, m.a. í Bayreuth.

Í október og nóvember verða sýndar af myndbandi óperurnar *Tristan und Isolde* og *Die Meistersinger*. Sýningar verða væntanlega í Norræna húsinu annan laugardag í mánuðunum. 13. febrúar er stefnt að aðalfundi í Norræna húsinu og er stjórnin á höttunum eftir ævisögulegu myndefni um meistarann, enda er þetta dánardagur hans. Ábendingar frá félagsmönnum þegar með þökkum, bæði um þetta og annað sem snertir dagskrá, uppástungur um fyrirlesara, efni o.s.frv. Vorið 1999 verða fimm ár liðin frá sýningu *Íslenska Niflungahringsins* á Listahátíð og hefur stjórnin hug á að stefna félagsmönnum saman og horfa á sjónvarpsupptökuna, væntanlega í marsmánuði. Á föstudaginn langa verður *Parsifal* sýndur að venju.

## Wagnerfélagið í fjölmiðlum.

Félagið okkar hefur verið töluvert í sviðsljósinu á undanförunum mánuðum. Í byrjun mars var leitað til formanns frá DV um viðtal og birtist síðan heilsíðugrein í lit í blaðinu (sjá ljósrit). Skömmu síðar var hér á ferðinni blaðamaður frá þýska stórblaðinu *Frankfurter Allgemeine Zeitung*, og hafði m.a. viðtal við formann um starfsemi félagsins, en aðaltilefni greinarinnar var þó lokun Goethe stofnunar. Fyrirsögn greinarinnar sem birtist á forsíðu menningarblaðs FAZ var mjög Wagnerísk, sem sé "*Goethedämmerung*". Blaðamaður þessi sótti formann heim og greinir m.a. frá brjóstmynd af Wagner er prýði stofu formannsins, en það er einmitt stytta góða, sem Ólafur Egilsson sendiherra og frú Ragna Ragnars gáfu félaginu (sjá myndina í DV). Ekki leið síðan á löngu þar til þýska sjónvarpsstöðin ARD var hér á ferðinni, einnig í tengslum við lokun Goestofnunarinnar, og hafði viðtal við formann á heimili hennar. Tókst m.a. að plata formanninn til að leika stef úr *Tristan og Isolde* á píanoíð sitt auk þess sem formaður lét ljós undrun á þessum slitum menningartengsla þjóðanna sem lokun Goethe stofnunarinnar felur í sér, ekki síst í ljósi hins stóra hlutverks sem Íslendingar hefðu gegnt við varðveislu hins samgermanska bókmenntaarfs. Enn kom stytta góða Ólafsnautur við sögu því augu myndatökuvélarinnar léku um hana góða stund í þættinum, sem sendur var út í apríl.

## Wagnersýningar í sumar.

Fyrir utan Bayreuthhátíðna er nokkuð um Wagnersýningar erlendis í sumar. *Tannhäuser* m.a. í Vín í júní og Savonlinna í ágúst. Siegfried í Amsterdam í júní. *Tristan og Isolde* í München í júní og júlí. Þar einnig Meistarasöngvararnir 31/7. Meira um þetta og margt fleira á netinu: <http://www.zazz.com/wagner/index.shtml>

## Félagsgjöld.

Stjórnin minnir á að gjalddagi félagsgjalda 1998 var 15. apríl sl. Nokkrir félagar eiga enn ógreidd sín gjöld og eru hvattir til að greiða sem fyrst. Hafi gíróseðlar týnst má leggja inn á reikning félagsins í SPRON. Reikningsnúmerið er : 1150-26-50141. Kennitala félags : 630196-3539. Félagsgjald er 1200 f. einstakling, 1800 f. hjón.

Bréfi þessu fylgir félagatal Richard Wagner félagsins. Gleðilegt sumar!